

Hafnarfirði, 2. nóvember 2023

Nýtt deiliskipulag fyrir Kapelluhraun

Í tillögunni felst að sniðinn er rammi um iðnaðarhverfi í samræmi við breyttar áherslur í aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Um er að ræða svæði er liggur á milli iðnaðarhverfis 2. áfanga Kapelluhrauns og Reykjanesbrautar, sem er skipt upp í rúmlega 30 nýjar lóðir fyrir iðnaðar- og athafnastarfsemi. Þar á meðal eru lóðir undir þegar byggð mannvirki ÍSAL.

Á skipulagssvæðinu megi koma fyrir Coda Terminal, móttöku- og förgunarstöð fyrir koldíoxíð auk hefðbundnum iðnaðarlóðum. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 30.10.2023.

Umsagnir frá stofnunum bárust:

1. Náttúrufræðistofnun 30. október 2023.

Deiliskipulagið felur í sér rask á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar. Kapelluhraun er sögulegt hraun og er úfið apalhraun sem hefur verið mikið raskað og hefur dregið úr verndargildi þess. Austasti hluti deiliskipulagsins nær yfir lítt raskaðan hluta Hellnahrauns. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd og telur ekki mögulegt að vernda það sem eftir er af Kapellu- né Hellnahrauninu á svæðinu. Hins vegar skal hugað á svæðinu við Straumsvík og Hraunin og Almenna.

2. Umhverfisstofnun 30. október 2023

Loftslagsmál. Niðurdæling CO₂ styður við aðgerð H1 í aðgerðaráætlun Íslenska ríkisins í loftslagsmálum. Aðgerð H1 varðar fyrirtæki sem falla undir viðskiptakerfi Evrópusambandsins um losunarheimildir (ETS kerfið). Það þarf að koma skýrt fram hvort að fyrirhugað sé að dæla CO₂ frá t.d. Norðuráli og hvernig séu flutningsaðferðirnar.

Loftgæði UST leggur til að fjallað sé um loftgæði í sér kafla

Stjórn vatnamála: allar opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Markmið í svæðisskipulagi eiga að vera höfð til grundvallar í skipulagsáætlunum sveitarfélaga en deiliskipulag eiga að taka tillit til þessa markmiðs við mat á umhverfisáhrifum.

Í mati á umhverfisáhrifum deiliskipulagsins þarf að koma fram hvaða vatnshlot eru innan svæðisins og hver umhverfismarkmið þeirra vatnshlota séu samkvæmt vatnaáætlun og vefsja stjórnar vatnamála. Svæðið er innan grunnvatnshlotsins Straumsvíkurstraums. Við ferlið er þörf á miklu vatnsmagni og fram kemur að óvissa sé um áhrif deiliskipulagsins á grunnvatn.

Af ofangreindum aðstæðum leggur Umhverfisstofnun til að umhverfismat deiliskipulagsins verði endurskoðað í því skyni að niðurstöðurnar verði settar í samhengi markmiða laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að það komi fram í tillögunni hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask á hrauni sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir.

Áhrifasvæði það þarf að skilgreina í tillögunni.

Svæðið er á náttúruminjaskrá.

3. Byggðasafn Hafnarfjarðar dags. 27 október 2023

Innan nýs deiliskipulags er ein fornleif og friðhelgunarsvæði tveggja annarra fornleifa. Helgunarsvæðið er 15 metrar.

Fornleif 2367-18 er varða sem er friðuð fornleif en hennar er getið í greinagerð með nýju deiliskipulagi í Kapelluhrauni. Þar er tekið fram að vegna mikilla lagna neðanjarðar verði ekki hægt að komast hjá því að raska henni. Byggðasafn Hafnarfjarðar vill undirstrika að ef raunin er sú að ekki verði hjá því komist að spilla minjunum þarf fyrst að fá leyfi Minjastofnunar. Jafnframt vill Byggðasafnið minna á að allar fornleifar í sveitafélaginu eru hluti af heildstæðu menningarlandslagi fyrri tíma.

Rétt utan deiliskipulagsins eru tvær fornleifar önnur er gömul leið/gata sem er friðuð fornleif og fornleif 2367-4 sem er Kapella heilagar Barböru en hún er friðlýst fornleif. Þó svo þessar fornleifar séu utan nýja deiliskipulagsins nær friðhelgunarsvæði þeirra inná deiliskipulagið. Fornleif 2367-5 er friðuð og því hefur hún 15 metra friðhelgunarsvæði, það nær rétt inn fyrir deiliskipulagssvæðið. Ekki er minnst á hana í greinagerð með deiliskipulaginu. Ef nauðsynlegt þykir að raska svæði innan friðhelginnar ber að sækja um leyfi til Minjastofnunar áður en framkvæmdaleyfi er gefið út. Taka skal fram að leið þessi var mun lengri og er þegar er búið að raska henni að hluta



Umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs

Þar sem komið hefur í ljós að allt svæðið, Straumsvík, Rauðimelur og Carbfix er háð mati á umhverfisáhrifum er lagt til að eftirfarandi texta sé bætt inni greinagerðina:

Þegar niðurstaða og álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir um mat á umhverfisáhrifum fyrir stækkun Straumsvíkurhafnar og efnistöku í Rauðamelsnámu, og Coda Terminal, mun Hafnarfjarðarbær taka afstöðu til niðurstöðunnar. Sú afstaða kann að leiða til breytinga á skipulagsáætlunum og hljóta þær þá málsmeðferð skv. skipulagslögum og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Í matinu mun m.a. koma fram ítarleg umfjöllun um áhrif á vatnshlot og jarðmyndanir, lífríki Straumsvíkur, tegund efnis í landfyllingar og uppruna þess. Þar munu auk þess koma fram tillögur um mótvægisáðgerðir sem þarf að huga að, og verða hluti af leyfisveitingum. Hafnarfjarðarbær telur mikilvægt að ljúka við gerð skipulagsbreytinga sem hafa verið í kynningu að undanfögnu.

Engu að síður kann umhverfismat að leiða til breytinga á skipulagi þegar niðurstaða og álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir um mat á umhverfisáhrifum fyrir stækkun Straumsvíkurhafnar og efnistöku í Rauðamelsnámu, og Coda Terminal.

Þegar álitid liggur fyrir mun Hafnarfjarðarbær taka afstöðu til niðurstöðunnar og kann sú afstaða að leiða til breytinga á skipulagsáætlunum og hljóta þær þá málsmeðferð skv. skipulagslögum og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Að öðru leiti skal hugað að því við útgáfu framkvæmdaleyfa að gerð verið krafa um frágangsáætlun við náttúruverndasvæði og gerð krafa að framkvæmdaaðili skili inn gögnum sem sýna þann frágang. Vakin er athygli á því að náttúruverndarsvæði í Straumsvík eru merkileg á heimsvísu. Samhliða verður gerð krafa um að allar friðaðar fornleifar verði vel merktar.

Berglind Guðmundsdóttir

Landslagsarkitekt FÍLA

Umhverfis- og skipulagssvið

Norðurhella 2